


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	MYL 504 Kennsluáætlun haust 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is
Þriðjudaga 11:20–12:00

Viðtalstími:

Áfangalýsing

Lokaverkefni þessa áfanga er málverk, unnið með akríllitum. Megin áhersla er lögð á ferlið frá frumskissu að málverki: frumdrög, formrænt þróunarferli, litur, málverk. Hvernig þróast hugmynd, hvernig verður málverk til? Myndefni er sótt í umhverfi, bæði utan húss og innan. Nemendur spreyta sig á að byggja upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Engin leið er sjálfgefin, niðurstaða fæst einungis með tilraunum og verður því markvissari sem fleiri möguleikar hafa verið kannaðir, bæði hgumyndalega og tæknilega. Umræður á öllum stigum ferlisins um verk og hugmyndir nemenda innan hópsins og einstaklingslega.

Kjarnahugtök

Umhverfi, úti, inni, sjónarhorn, myndefni, myndbygging, myndmál, form, litur, skissa, úrvinnsla, teikning, málverk, hugmyndaþróun, persónuleg afstaða.


Markmið

Nemandi hafi aukið reynslu slína í að leita myndefnis í mismunandi umhverfi sínu
 -reyni mismunandi leiðir til að túlka myndefni sitt
 -tengi formræna framsetningu við inntak verka sinna
 -sýni persónulega afstöðu í vali myndefnis og úrvinslu
 Nemandi hafi þroskað myndræna skynjun sína með
 aukinni reynslu og öguðum vinnubjögðum -geti unnið eftir ákveðnu ferli þar
 sem eitt vinnslustig tekur við af öðru, frá frumskissu að niðurstöðu - venjist því að leita
 stöðugt fleiri leiða til að bæta (styrkja) myndefni sitt -geti unnið
 sjálfstætt og sýnt frumkvæði - séu
 fær um að greina samhengi við áður fengna þekkingu og geti yfirfært reynslu úr fyrri
 áföngum á vinnu sína,
 -geti rökstutt niðurstöður sínar með tilvísun til faglegrar þekkingar
 - kunnir að leita sér heimilda sem að gagna geta komið
 Nemandi geti meðhöndlað þau efin og áhöld sem
 notuð eru við gerð málverka Nemandi geti yfirfært og þróað áfram
 niðurstöður sínar úr skissuvinnuferli í málverki Nemandi geti fjallað um
 eigin verk og annarra á upplýstan og greinagóðan hátt og gert grein fyrir forsednum álit
 síns

Áætlun um yfirferð

	1. Kynning og viðtöl	1 vika
	2. Efnisöflun og hugmyndavinna.	3
vikur	3. Útfærsla og tilraunir	
	4 vikur	4. Málverk
	5 vikur	5. Frágangur og yfirferð
	1 vika	

- Vikuskipting er til viðmiðunar. Nemendur verða samferða í byrjun en vinna svo sjálfstætt hvert að sínu verki.
- Nemendur útbúa og flytja stutta kynningu á einum listamanni um miðbik annar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	MYL 504 Kennsluáætlun haust 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3		

- Nemendur þurfa að halda allri vinnu til haga, skissum, ljósmyndum, teikningum, dagbókarfærslum o.fl....sem þeir skila í lok annar ásamt fullunnu málverki.

Námsmat

Próflaus áfangi. Nemendur gera sjálfsmat. Hugmyndavinna og vinnuferli 45%. Verk nemenda, afrakstur, skissur, tilraunir og fullunnin verk 40%. Þátttaka í umræðum og umfjöllun um listamann, 10%. Mætingar gilda 5%, mætingaskylda 100%.

Til grundvallar matinu er annars vegar skilningur, sköpun, innsæi, frumleiki og gagnrýnin hugsun. Hinsvegar verkleg færni, framfarir, virðisauki, framkvæmd, opinn hugur og ögrun.

Verkfæri og efni

Dagbók, skissubók, (myndavél)

Blýantar, kol, trélitir, litkrít, glætur ofl.

Ýmsar pappírstegundir, strigi, lím,

grunnur, blindrammi

Akríllitir,

íblöndunarefni, penslar, sköfur

Mappa eða einhverskonar geymsla fyrir alla vinnu


-Það sem er undirstrikað þurfa nemendur að útvega sjálfir.



Með fyrirvara um breytingar.

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósotta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Gangi ykkur vel

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	MYL 504 Kennsluáætlun haust 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Dagsetning:
